

<b>Mættir:</b>	Margrét Friðriksdóttir skólameistari, Flosi Eiríksson formaður skólanefndar, Magnea Lillý Friðgeirsdóttir, Steinþór Jónsson, Gerður Bjarnadóttir fulltrú kennara, Snorri Sævar Konráðsson fulltrúi nemenda, Andri Steinn Hilmarsson
<b>Forfallaðir:</b>	Sigríður H. Hrafnkelsdóttir fulltrúi foreldra, Guðmundur Birkir Þorkelsson
<b>Staður:</b>	Fundarherbergi N-101
<b>Tími:</b>	Kl. 12:00-13:00
<b>Dags.:</b>	6. nóvember 2018

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	Flosi Eiríksson formaður skólanefndar setti fundinn kl. 12:07 og býður fundar meðlimi velkomna.	FE	2 mín.
<b>1.</b>	<b>Ársreikningur 2017 frá Fjársýslu ríkisins</b>	MF	20 mín.
	<p>M.F. kynnir ársreikning 2017. Tvær breytingar frá fyrra formi ársreikninga. Annars vegar gjaldaliðurinn Afskriftir. Nú þarf að uppfæra eignaskrá skólans með ýtarlegum hætti. Af eignaskránni eru svo reiknaðar afskriftir. Hins vegar eru orlofsskuldbindingar nú færðar mánaðarlega og færast inn í ríkisbókhald.</p> <p>Afkoma ársins 2017 nam kr. 9.841.803. Áður fyrr hefði afkoman færst sjálfkrafa yfir á árið 2018. Samkvæmt breyttum reglum þarf MF nú að óska formlega eftir því að skólinn fái að halda afkomunni og að hún færist yfir á árið 2018. Þessi ósk hefur verið lögð fram en henni hefur ekki verið svarað ennþá.</p> <p><b>Flosi</b> leggur til að skólanefndin samþykki framlagðan reikning. Reikningurinn er samþykktur og nefndin lýsir yfir ánægju sinni með afkomu skólans.</p>		
<b>2.</b>	<b>Fjárhagsáætlun 2019</b>	MF	5 mín.
	M.F. segir frá því að fjárhagsáætlunin er ekki tilbúin og verður því ekki kynnt skólanefndinni að svo stöddu. Ástæða tafanna er sú að nú er í fyrsta skiptið verið að útbúa fjárhagsáætlun í nýju forriti fyrir allar ríkisstofnanir sem hefur ekki gengið án vandkvæða. Óvíst er hvenær fjárhagsáætlunin verður tilbúin en nefndin verður kölluð saman um leið og áætlunin liggur fyrir og verður hún þá lögð fram til samþykktar.		
<b>3.</b>	<b>Skólagjöld vor 2019</b>	MF	15 mín.
	<p>Líkt og komið hefur fram á fyrri fundum nefndarinnar hefur ríkisstjórnin afnumið efnisgjöld hjá iðnnemum og hafa þegar greidd gjöld verið endurgreidd. Um er að ræða gjald að fjárhæð kr. 25.000 á önn sem var ekki innheimt nú á haustönn. Skólum hefur nú verið tilkynnt að framlög úr ríkissjóði til að koma til móts við þetta afnám dugar ekki til að bæta það tekjutap sem skólar verða fyrir.</p> <p>Samkvæmt hljóðan lagaákvæðisins (45 gr.) sem afnám efnisgjaldsins er byggt á er heimilt að innheimta efnisgjald af nemendum fyrir efni sem skóli lætur nemendum í té ef nemandi hefur af því ávinning eða sérstök not. Í ljósi þessa ákvæðis verða nemendur í iðnnámi rúkkadur um efnisgjald kr. 2.500 á önn í stað 25.000.</p>		

	<p>M.F. leggur fram skjal sem sundurliðar tillögu um fyrrgreint efnisgjald og leggur til samþykktar skólanefndar.</p> <p><b>Nefndin</b> samþykkir framlagða tillögu um að efnisgjald að fjárhæð kr. 2.500 verði innheimtar af iðnnemum fyrir hverja skólaönn.</p>		
<b>4.</b>	Fundur formanns og skólameistara með menntamálaráðuneyti	<b>MF</b>	<b>10 mín.</b>
	<p>Líkt og fram kom á síðasta fundi skólanefndar eru Ríkiseignir ekki tilbúnar til að taka fullan þátt í kostnaði MK við endurnýjun á eldhúsum skólans. M.F. og Flosi fóru á fund ráðuneytisins til að ræða málið 24. september síðastliðinn. Ráðuneytið fundaði svo með Ríkiseignum um málið í kjölfarið.</p> <p>Skólameistari gerði grein fyrir fundi með ráðuneytinu en hefur áhyggjur af því hvað dregist hefur að fá svör.</p>		
<b>5.</b>	<b>Önnur mál</b>	<b>MF</b>	<b>5 mín.</b>
	Nýr fjármálastjóri, Elísabet Guðmundsdóttir, hefur verið ráðin til MK þar sem núverandi fjármálastjóri er að láta af störfum vegna aldurs.		
<b>6.</b>	<b>Fundi slitið</b>	<b>FE</b>	<b>15 sek.</b>
	Formaður sleit fundi kl. 13:06		

Fundarritari: Magnea L. Friðgeirsdóttir